



Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefnadasvid@althingi.is


Reykjavík, 1. desember 2023

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ýmsum lögum um skatta og gjöld o.fl. (gistináttaskattur, áfengisgjald o.fl.), 468. mál

Samtök atvinnulífsins (SA, samtökin) vísa til tölvupósts efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis þar sem óskað var umsagnar samtakanna um ofangreint mál. Frumvarpið varðar ýmsar og viðamiklar breytingar á lögum um skatta og gjöld ásamt fleiri lögum. SA gera athugasemdir við þær breytingar frumvarpsins sem lúta að gistináttaskatti og áfengisgjaldi.

Athugasemdir við breytingar á lögum um gjald af áfengi og tóbaki, nr. 96/1995.

Með 18. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að lækka áfengisgjald af bjór framleiddum af litlum framleiðendum. Hvort sem framleiðendur áfengra drykkja eru litlir og sjálfstæðir eða stórir (og að ætla „ósjálfstæðir“) þá er ljóst að ríkið tekur til sín mikinn meirihluta af söluverði áfengra drykkja. Sé dæmi tekið af einum söluhæsta bjórnum í ÁTVR má sjá að af söluverði hans renna rúm 67% í ríkissjóð. Til viðbótar kemur skilagjald en hlutur þess í söluverði vörunnar er 4%. Eftir standa tæp 29% af söluverði sem framleiðandinn fær í sinn hlut.





Sé sjónum beint að sterku áfengi, en hér er dæmi tekið af ódýrustu lítraflöskunni af vodka í ÁTVR, eykst hlutur ríkisins í söluverði umtalsvert. Af þessari flösku renna rúm 95% til ríkisins. Hlutur framleiðandans nemur aðeins 4,3% af söluverði.



76,0% - Áfengisgjald

9,7% - Álagning ÁTVR

9,9% - Virðisaukaskattur

0,2% - Skilagjald

4,3% - Hlutur framleiðanda



Ríkið tekur til sín

95,5%

af söluverði

Jafnvel þótt löggjöf um gjald á áfengi sé hvort tveggja ætlað að afla ríkinu tekna og um leið stýra neyslu áfengis með gjaldtöku, líkt og ítrekað er í frumvarpi því sem hér er til umsagnar, er ekki úr vegi að velta fyrir sér hvort hér sé ekki þegar of langt gengið í þeim efnum. Bæði þegar kemur að neyslustýringu og fjáröflun til handa ríkissjóði.

Í stað þess að flækja skattkerfið með þeim hætti sem lagt er upp með í þessu frumvarpi og veita afslátt af áfengisgjöldum til handa ákveðnum hópi væri nærtækara að einfalda kerfið og lækka skatta og gjöld almennt, jafnt til handa öllum framleiðendum og innflytjendum áfengra drykkja. Að mati SA skapast óhagstæðir hvatar með breytingunni sem hér er boðuð. Það má hæglega sjá fyrir sér að minni framleiðendur komi til með að sjá minni hag, ef einhvern, í því að framleiða umfram 500.000 lítra hámarkið, jafnvel þótt aukið stærðarhagræði gæti náðst í rekstri fyrirtækisins með meira umfangi og framleiðslu. Það getur ekki verið markmið stjórnvalda að skattkerfið stuðli að rekstri minni og óhagkvæmari eininga en ella, til viðbótar við þann tilkostnað sem eftirlit með breyttum reglum hefur óumflýjanlega í för með sér. Þegar upp er staðið græðir hvorki ríkissjóður né íslenskt samfélag á slíkum áfengum. Það hlýtur ávallt að vera markmið stjórnvalda að skapa hér skilyrði til aukinnar verðmætasköpunar, fjölgunar starfa og bættra lífskjara. Það verður ekki gert með þessum hætti.

Þessu til viðbótar telja SA skorta verulega á rökstuðning fyrir framlögðum breytingum á álagningu áfengisgjalda. Ef vilji stjórnvalda er að styðja minni framleiðendur til góðra verka væri eðlilegra að veita öllum framleiðendum, óháð stærð, sama afslátt, t.d. með sama hætti og gert er við innheimtu veiðigjalda. Framleiðsla umfram hámarks lítrafjölda ber þá fullt



áfengisgjald, fyrstu 500.000 lítrarnir hjá öllum framleiðendum myndu aftur á móti bera 50% lægra áfengisgjald. Samtökin ítreka þó afstöðu sína til þess að skattkerfið eigi heldur að vera einfalt og stuðla að verðmætasköpun. Með það sjónarmið að leiðarljósi ætti heldur að létta álögur á áfengi almennt frekar en að ráðast í útfærslur í þeim anda sem hér eru boðaðar. Öllu eðlilegra væri, ef vilji stendur til að styðja innlenda framleiðendur, að lækka almennt áfengisgjöld á bjór og jafna við áfengisgjöld á léttvíni, hið minnsta. Í dag eru áfengisgjöld á bjór hærri en á léttvíni, að því er virðist af ástæðulausu, en enginn innlendur framleiðandi er af léttvíni, öðru gegnir um bjór. Hér ættu að vera hæg heimatökin.

Að lokum telja samtökin einsýnt að ekki sé hægt að gera greinarmun á íslenskum og erlendum framleiðendum og við það vakna áleitnar spurningar um framkvæmd laganna, meðal annars hvort embættismönnum ríkisins verði falið að leggja mat á trúverðugleika yfirlýsinga erlendra brugghúsa um umfang framleiðslu sinnar. Þá er ónefnt hið nauðsynlega sjálfstæði framleiðandans. Ýtir þetta enn frekar undir þann grun samtakanna að breyting þessi verði heldur til þess að íþyngja en að létta undir verðmætasköpun í hagkerfinu.

Athugasemdir við breytingar á lögum um gistináttaskatt, nr. 87/2011

Þó ljóst hafi verið að gistináttaskattur skildi taka gildi á ný 1. janúar 2024, eftir að hafa verið lagður af tímabundið í heimsfaraldri, er sá fyrirvari sem nú er viðhafður vegna fyrirhugaðra breytinga á skattheimtunni óásættanlegur. Það sem lá fyrir var að skatturinn yrði tekinn upp með óbreyttu formi. Nú er aftur á móti verið að gera íþyngjandi breytingar, breytingar sem boðaðar voru þann 7. nóvember síðastliðinn og fela í sér tvöföldun á væntum tekjum ríkissjóðs af skattinum, og eiga að taka gildi strax 1. janúar. Að óbreyttu mátti gera ráð fyrir að gistináttaskattur hefði skilað 1,5 ma.kr. í ríkissjóð en verði fyrirhugaðar breytingar að veruleika gera áætlanir ráð fyrir því að tekjur ríkissjóðs komi til með að nema 3,1 ma.kr. Fyrirtækin sem standa þurfa undir þessari breytingu stunda rekstur sem almennt er skipulagður langt fram í tímann, jafnvel ár til tvö fram í tímann. Breytingar eins og sú sem hér er boðuð með litlum sem engum fyrirvara setja allar áætlanir fyrirtækjanna í uppnám og mynda óstöðugleika og óvissu í rekstrarumhverfi þeirra. Yfirlýst markmið um að ferðamaðurinn sjálfur standi straum af greiðslu gistináttaskatts nást augljóslega ekki með þessum hætti, fyrirtækin koma til með að þurfa að greiða fyrir úr eigin rekstri.

Samtök atvinnulífs hafa ítrekað talað fyrir því að fyrirsjáanleiki og heildarmynd séu höfð að leiðarljósi við skattkerfisbreytingar hér á landi í umsögnum sínum um hina ýmsu anga opinberra fjármála. Skattheimta hér á landi er enda þegar með mesta móti. Huga þarf að samkeppnishæfni atvinnugreina þannig að íslensk fyrirtæki verði ekki undir í alþjóðlegri samkeppni vegna séríslenskrar skattheimtu, enda byggir þjóðin framúrskarandi lífskjör sín á samkeppnishæfni útflutningsgreina á borð við ferðaþjónustu. SA ítreka þá afstöðu sína hér.

Að einhverju leyti má rekja aukningu í tekjum af gistináttaskatti til breikkunar á skattstofni, þ.e. að hann nái nú til farþega á skemmtiferðaskipum. Samtökin vekja þó sérstaka athygli á því að gisting sem ekki ber virðisaukaskatt, svo sem heimagisting, er undanþegin greiðslu gistináttaskatts. Þar að auki myndar gistináttaskattur stofn til greiðslu virðisaukaskatts hjá þeim aðilum sem ber að greiða virðisaukaskatt, svo sem þá sem reka hótél- og gistiþjónustu.



Gengur það þvert á markmið um að tryggja jafnræði milli aðila. Ljóst er að þó markmið breytinganna sé e.t.v. að jafna samkeppnisstöðu aðila á markaði og tryggja jafnræði, þá duga áformaðar breytingar skammt.

Samtökin vísa að öðru leyti til umsagnar Samtaka Ferðaþjónustunnar og taka undir þau sjónarmið sem þar koma fram.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Stefanía K. Ásbjörnsdóttir, hagfræðingur